



Utanríkisráðuneytið

MÚTUR TIL ERLENDRA OPINBERRA STARFSMANNA ERU REFSIVERT ATHÆFI

Ísland er aðili að **samningi OECD um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum**. Íslenskum lögum hefur verið breytt til samræmis við samninginn sem tók gildi hér á landi árið 1999. Í inngangi að honum er lögð áhersla á að mútur séu útbreitt vandamál í alþjóðlegum viðskiptum. Þær grafi undan góðum stjórnarháttum og efnahagsþróun auk þess að skekkja samkeppnisstöðu.

Meginmarkmið sáttmálans er að aðildarríkin geri það refsivert að bera mútur á erlenda opinbera starfsmenn í þeim tilgangi að þeir að bregðist starfsskyldum sínum, mútugreiðandanum til hagsbóta. Múturnar geta verið gjafir, peningar eða annar ávinningur sem hinn opinberri starfsmaður á ekki rétt á. Allt að **fjögurra ára fangelsi** liggur við broti af þessu tagi samkvæmt 109. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Undir hugtakið erlendir opinber starfsmaður falla líka þingmenn, kviðdómendur, starfsmenn alþjóðlegra stofnana, dómarmar við alþjóðlega dómstóla og fleiri. Almennum hegningalögum hefur jafnframt verið breytt þannig að íslensk yfirvöld geta sótt þá til saka sem brjóta gegn lagaákvæðinu jafnvel þó mútubrotið sé framið erlendis. Brotlegir einstaklingar eiga fangelsi yfir höfði sér eða sektir ef þeir eiga sér málsbætur. Með lagabreytingu árið 1998 var síðan heimilað að sekta fyrirtæki og aðra íslenska lögaðila sem sannað þykir að hafi borið mútur á erlenda opinbera embættismenn.

Erlendir opinberir starfsmenn sem **þiggja mútur** eiga yfir höfði sér **allt að sex ára fangelsi**, eða sömu refsingu og starfsbræður þeirra hér á landi sem gerast sekir um mútubægni, sbr. 128. gr. Refsingin er þyngri en fyrir það að bjóða múturnar og hefur það verið rökstutt þannig að stöðu sinnar vegna beri opinberir starfsmenn ábyrgð umfram almenna borgara.

Íslensk stjórnvöld leggja áherslu á að fylgja eftir ákvæðum alþjóðasamninga en það er einnig hagur fyrirtækja og einstaklinga að fá vitneskju um gildandi lög, hvernig þau geta sinnt mikilvægri upplýsingaskyldu og almennt stundað góða viðskiptahætti. Fulltrúar fyrirtækja eða aðrir sem verða varir við mútubrot erlendis geta upplýst sendiskrifstofur Íslands um málið og einnig haft samband við lögreglu hér á landi. Ábendingum eða fyrirspurnum ber að beina til embættis héraðssaksóknara sem fer með rannsókn á efnahagsbrotum.